

**Nd.**

**703. Nefndarálit**

**[285. mál]**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugleiðir hf.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál ítarlega á nokkrum fundum sínum og hafa þeir fundir verið sameiginlegir með nefndum beggja deilda.

Til fundar við nefndarmenn hafa komið margir aðilar, sem svarað hafa fyrirspurnum og veitt margháttaðar upplýsingar. Má þar nefna ráðuneytisstjórana í fjármálaráðuneyti og samgönguráðuneyti, fulltrúa frá Ferðamálaráði, fulltrúa vinnuhóps, sem vann að athugun á rekstri Flugleiða hf. á síðast liðnu hausti vegna beiðnar um ríkisábyrgð, framkvæmdastjóra Air Viking, matsnefnd eigna Loftleiða hf. og Flugfélags Íslands hf., og loks forstjóra Flugleiða hf.

Nefndarmenn urðu ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn, Magnús Kjartansson, flytur breytingartillögu og skilar sérstöku nefndaráliti.

Meiri hlutinn leggur auk þess til, að áður en ríkisstjórnin notar heimild frumvarpsins um ríkisábyrgð til Flugleiða hf., undirriti stjórn Flugleiða hf. svofellda yfirlýsingu vegna ríkisábyrgðar á láni til Flugleiða hf.:

„Þar eð ríkissjóður mun takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á tveimur lánnum að heildarfjárhæð \$ 18 500 000.00, eða jafnvirði þess í annarri mynt, sem vér munum taka, annað til 7 ára að fjárhæð \$ 13 500 000.00 hjá Export Import Bank, Washington D.C., og/eða annarri lánsstofnun, sem Ríkisábyrgðasjóður samþykkir og nota á til kaupa á tveimur flugvélum af gerðinni Douglas DC-8-63 CF, sem vér hyggjumst kaupa af Seaboard World Airlines Inc., og hitt að fjárhæð \$ 5 000 000.00 til 5 ára hjá lánsstofnun, sem Ríkisábyrgðasjóður samþykkir og nota á til að styrkja lausafjárstöðu Flugleiða hf., lýsum vér yfir eftirfarandi:

1. Flugleiðir hf., Flugfélag Íslands hf. og Loftleiðir hf. skuldbinda sig til þess að halda áfram skipulögðum aðgerðum til þess að bæta fjárhagsstöðu sína og auka hagkvæmni í rekstri.
2. Ríkisábyrgðasjóður og samgönguráðuneytið tilnefna tvo fulltrúa til að fylgjast með fjárhagslegum ákvörðunum félaganna. Skulu þessir trúnaðarmenn eiga rétt á því að sitja fundi með framkvæmdastjórn (stjórnarnefnd) Flugleiða hf., þegar þeir óska, og heita félögin því að veita þeim allar þær upplýsingar um rekstur fyrirtækjanna, sem óskað er eftir á hverjum tíma, þar með að leggja fyrir þá fjárhagsáætlanir, skýrslur um fjármál og rekstur og fyrirætlanir um meiri háttar fjárskuldbindingar.
3. Stjórn Flugleiða hf. skuldbindur sig til að hjóða út hlutafé félagsins í hámark þess, sem samþykktir leyfa, þ. e. 600 milljónir kr., eins fljótt og aðstæður leyfa að dómi Seðlabankans og Landsbankans.
4. Stjórnarnefnd Flugleiða mun láta gera athugun á því, hvort hagkvæmt sé að koma upp fullkominni viðgerðarmiðstöð fyrir flugvélar hér á landi á vegum félaganna.
5. Stjórn og stjórnarnefnd félaganna skuldbinda sig til þess, á meðan ábyrgð stendur, að ráðast ekki í verulega fjárfestingu í flugrekstri né öðrum rekstri, eða taka á sig verulega fjárskuldbindingu, nema að fengnu leyfi Ríkisábyrgðasjóðs.
6. Stjórnir félaganna fallast á að gera svo oft sem óskað er, en eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti, ítarlegar fjárhagsáætlanir tólf mánuði fram í tímann til afnota fyrir Ríkisábyrgðasjóð og samgönguráðuneytið. Ríkisábyrgðasjóður og samstarfsaðilar samkvæmt 2. tl. hér að framan skulu einnig fá árlega efnahags- og rekstrarreikninga félaganna og dótturfyrirtækja.
7. Til viðbótar veði í flugvélum þeim, sem keyptar verða og ríkissjóði verður veitt, skulu standa að handveði öll hlutabréf vor. Verða bréf þessi í vörslu Landsbankans eða Ríkisábyrgðasjóðs að handveði, meðan ábyrgð ríkissjóðs stendur.
8. Flugvélar þær, sem keyptar verða samkvæmt ríkisábyrgð þessari, skulu skráðar á Íslandi.“

Með hliðsjón af framansögðu leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 12. maí 1975.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, fundaskr.	Tómas Árnason.
Ey. Kon. Jónsson.	Þórarinn Þórarinsson.	Gylfi Þ. Gíslason.